

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1072

Dagsetning: 3. júní 2025 klukkan 11:40

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Jóhann Friðrik Haraldsson, leiðtogi fasteignaþjónustu, sat fundinn undir lið 2. Sólrún Ólína Sigurðardóttir, fagstjóri hjúkrunar hjá Heilsubró, sat fundinn undir lið 3.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 27. maí 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Ræstingar á starfsstöðvum

Jóhann Friðrik Haraldsson, leiðtogi fasteignaþjónustu, kom á fundinn og kynnti niðurstöður könnunar á þrifum á starfsstöðvum HH. Rætt var við stjórnendur allra starfseininga um hvernig þrif hafa gengið og var ljóst af svörum þeirra að margvíslegra úrbóta er þörf. Samningar um ræstingar við tvö fyrirtæki renna út fljótlega og taka þarf ákvörðun um framhaldið. Tveir möguleikar voru ræddir. Annars vegar að stofna ræstingadeild hjá stofnuninni sem sinni ræstingum á öllum starfsstöðvum. Hins vegar að bjóða út á nýjan leik ræstingar hjá stofnuninni. Ákveðið var að kanna kostnað við að stofna ræstingadeild en jafnframt halda áfram undirbúningi fyrir útboð ef sú leið verður fyrir valinu.

3. Átröskunarteymi hjá Heilsubró

Sólrún Ólína Sigurðardóttir, fagstjóri hjúkrunar hjá Heilsubró, kom á fundinn til að ræða hugmyndir um að stofna þverfaglegt átröskunarteymi hjá Heilsubró. Teymið myndi sinna meðferð vegna átröskunar, matvendi og átkastaröskunar. Markmið teymisins væri að grípa snemma inn í vegna vægari vanda áður en sjúkdómur gengur of langt, að vera vegvísir um heilbrigðiskerfið og leiðbeina fagfólki um land allt. Ákveðið var að vinna málið áfram með samráði við aðra sem veita þessum hópum þjónustu.

4. Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Upplýst var að forstöðumaður Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu hafi tilkynnt forstjóra að hann hyggist segja starfi sínu lausu. Heilbrigðisráðuneytið hefur verið upplýst.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf kostnaðaráætlun fyrir stofnun ræstingadeildar hjá HH og undirbúa jafnframt útboð fyrir ræstingar, sjá lið 2.
Ábyrgð: HP
- Vinna þarf að samráði um meðferð átröskunar, sjá lið 3.
Ábyrgð: ÍDH og RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 12:40.